

## **Auglýsing um framlagningu kjörskrár vegna kosningar til kirkjubings**

Kosning til kirkjubings fer fram frá kl. 12:00 hinn 12. maí 2022 til kl. 12:00 hinn 17. maí s.á. Kosningin verður rafræn.

Á kirkjubingi eiga sæti 29 þjóðkirkjumenn kjörnir til fjögurra ára í senn. Eru 12 þeirra úr hópi vígðra manna, þ.e. presta og djákna og 17 leikmenn.

Kjörstjórn hefur, á grundvelli 9. gr. [starfsreglna nr. 8/2021 um kjör til kirkjubings](#), samþykkt kjörskrá vegna kosninganna. Á kjörskrá eru þeir sem uppfylltu skilyrði kosningarréttar hinn 1. apríl 2022, sbr. 3.-6. gr. starfsreglnanna.

Kjósandi getur kannað á þar til gerðu vefsetri <https://kirkjan.is/kirkjan/kirkjuthing/kjorskra/> hvort nafn hans sé á kjörskrá. Við aðgang að vefsetrinu er notuð almenn innskráningarþjónusta, s.s. rafræn skilríki eða Íslykill. Kjörskrá liggur enn fremur frammi á pappír, kjósendum til sýnis, á Biskupsstofu og skrifstofum prófasta, sbr. 4. og 5. mgr. 9. gr. starfsreglnanna.

Athugasemdir vegna kjörskrár skulu berast kjörstjórn eigi síðar en þremur sólarhringum áður en kosning hefst. Athugasemdir skulu sendar á netfangið [kirkjan@kirkjan.is](mailto:kirkjan@kirkjan.is)

Reykjavík, 20. apríl 2022  
f.h. kjörstjórnar þjóðkirkjunnar

Anna M. Karlsdóttir, formaður.